

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/76/36

frá 11. apríl 2006

um ráðstafanir til að draga úr áhættu vegna eftirfarandi efna: díbútýlþalats, 3,4-díklóránílíns, dí-ísódekýlþalats, 1,2-bensendíkarboxýlsýru, C₁₀-auðugra dí-C₉₋₁₁-greinóttra alkýlester, dí-ísónónýlþalats, 1,2-bensendíkarboxýlsýru, C₉-auðugra dí-C₈₋₁₀-greinóttra alkýlester, etýlendíamíntetraasetats, metýlasetats, mónóklóredíksýru, n-pentans og tetranatríumetýlendíamíntetraasetats(*)

(2006/283/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eftirfarandi efni hafa verið tilgreind, innan ramma reglugerðar (EBE) nr. 793/93, sem forgangsefni við mat í samræmi við reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1179/94⁽²⁾, (EB) nr. 2268/95⁽³⁾ og (EB) nr. 143/97⁽⁴⁾ varðandi fyrstu, aðra, og þriðju skrána yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 793/93:

— díbútýlþalat,

— 3,4-díklóránílín,

— etýlendíamíntetraasetat,

— metýlasetat,

— tetranatríumetýlendíamíntetraasetat,

— dí-ísódekýlþalat,

— 1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C₉₋₁₁-greinóttir alkýlestrar, C₁₀-auðug,

— dí-ísónónýlþalat,

— 1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C₈₋₁₀-greinóttir alkýlestrar, C₉-auðug,

— n-pentan,

— mónóklóredíksýra.

2) Skýrslugjafaríkin, sem tilnefnd eru samkvæmt þessum reglugerðum, hafa lokið þeim þáttum áhættumatsins sem varða áhrif þessara efna á menn og umhverfi í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 frá 28. júní 1994 um meginreglur um mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af skráðum efnunum⁽⁵⁾ og hafa þau gert tillögu að áætlun um að takmarka áhættuna í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 793/93.

3) Haft var samráð við vísindanefndina um eiturrhif, eiturrhif í umhverfinu og umhverfið og hefur hún skilað álitserðum um áhættumatið sem skýrslugjafarnir unnu. Álitserðirnar hafa verið birtar á vefsíðu vísindanefndarinnar.

4) Niðurstöður áhættumatsins og frekari niðurstöður áætlana um að takmarka áhættu eru settar fram í tilheyrandi orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar⁽⁶⁾.

5) Á grundvelli þessa mats er rétt að mæla með ákveðnum ráðstöfunum til að draga úr áhættu vegna tiltekinna efna.

6) Ráðstafanirnar, sem mælt er með til að draga úr áhættu fyrir starfsmenn, skulu taka mið af löggjöfnni um vernd starfsmanna en hún er talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af viðkomandi efnunum að því marki sem þörf er á.

7) Ráðstafanirnar til að draga úr áhættu, sem kveðið er á um í þessum tilmælum, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 104, 13.4.2006, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 30.11.2006, p. 31.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 131, 26.5.1994, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 231, 28.9.1995, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 25, 28.1.1997, bls. 13.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 161, 29.6.1994, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 90, 13.4.2006.

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

Innan þessa ramma:

1. ÞÁTTUR

DÍBÚTÝLÞALAT

(CAS-nr. 84-74-2, EINECS-nr. 201-557-4)

Ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir umhverfið (1, 2)

1. Í leyfum, sem eru gefin út samkvæmt tilskipun ráðsins 96/61/EB⁽¹⁾, skulu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum mæla fyrir um skilyrði, viðmiðunarmörk fyrir losun eða jafngildar færíbreytur eða tæknilegar ráðstafanir varðandi díbútýlþalat til að hlutaðeigandi stöðvar starfi í samræmi við bestu fánlegu tækni, (BAT), fyrir októberlok 2007, að teknu tilliti til tæknilegra eiginleika stöðvanna, landfræðilegrar legu þeirra og umhverfisskilyrða á staðnum.
2. Aðildarríkin skulu fylgjast vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni, varðandi díbútýlþalat, og greina framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum, innan ramma upplýsingaskipta um bestu fánlegu tækni.

2. ÞÁTTUR

3,4-DÍKLÓRANILÍN,

(CAS-nr. 95-76-1, EINECS-nr. 202-448-4)

Ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir starfsmenn (3) og umhverfið (4, 5)

3. Atvinnurekendur, sem nota 3,4-díklóranilín í framleiðslu og frekari vinnslu til þeirra hluta, sem tilgreint hefur verið í áhættumatinu að gefi tilefni til áhyggna, skulu taka mið af leiðbeiningum fyrir atvinnugreinina um hreinsun, viðhald og viðgerðarvinnu sem eru samdar á landsvísu og byggjast á hagnýtum leiðbeiningum sem eru ekki bindandi, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 98/24/EB⁽²⁾, og eru fánlegar hjá framkvæmdastjórninni.

Núgildandi löggjöf í Bandalaginu um plöntuvarnarefni (tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽³⁾) og um sæfiefni (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB⁽⁴⁾) er talin nægja sem rammur til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

4. skal fjallað um upplýsingarnar úr áhættumatinu fyrir 3,4-díklóranilín sem losnar úr díúróni sem er notað sem illgresiseyðir á þétt yfirborð,
5. skal komið í veg fyrir misnotkun á díúróni í smáum pakkningum.

3. ÞÁTTUR

ETÝLENDÍAMÍNTETRAASETAT

(CAS-nr. 60-00 4, EINECS-nr. 200-449-4)

Ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir umhverfið (6, 7, 8, 9)

6. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu setja umhverfsgæðakröfur (EQS) fyrir þau vatnasvið þar sem losun etýlendíamíntetraasetats (EDTA) getur skapað áhættu og skulu landsbundnar ráðstafanir til að draga úr mengun til að uppfylla umhverfsgæðakröfurnar eigi síðar en 2015 koma fram í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB⁽⁵⁾.
7. Í leyfum, sem eru gefin út samkvæmt tilskipun 96/61/EB, skulu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum mæla fyrir um skilyrði, viðmiðunarmörk fyrir losun eða jafngildar færíbreytur eða tæknilegar ráðstafanir varðandi etýlendíamíntetraasetat til að hlutaðeigandi stöðvar starfi í samræmi við bestu fánlegu tækni, fyrir októberlok 2007, að teknu tilliti til tæknilegra eiginleika stöðvanna, landfræðilegrar legu þeirra og umhverfisskilyrða á staðnum.
8. Aðildarríkin skulu fylgjast vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni, varðandi etýlendíamíntetraasetat, og greina framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum innan ramma upplýsingaskipta um bestu fánlegu tækni.
9. Staðbundin losun í umhverfið skal takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

4. HLUTI

METÝLASETAT

(CAS-nr. 79-20-9, EINECS-nr. 201-185-2)

Ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir starfsmenn (10)

10. Atvinnurekendur, sem nota vörur í gólfefnavinnu í byggingariðnaði sem innihalda metýlasetat, skulu taka mið af leiðbeiningum fyrir atvinnugreinina sem eru samdar á landsvísu og byggjast á hagnýtum leiðbeiningum sem eru ekki bindandi, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/24/EB, og eru fánlegar hjá framkvæmdastjórninni.

5. HLUTI

MÓNÓKLÓREDIKSÝRA

(CAS-nr. 79-11-8, EINECS-nr. 201-178-4)

Ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir starfsmenn (11) og umhverfið (12, 13, 14)

11. Atvinnurekendur, sem nota mónóklórediksýru (MCAA) til þeirra hluta sem tilgreint hefur verið í áhættumatinu að gefi tilefni til áhyggna, skulu taka mið af leiðbeiningum fyrir atvinnugreinina sem eru samdar á landsvísu og byggjast á hagnýtum leiðbeiningum sem eru ekki bindandi, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/24/EB, og eru fánlegar hjá framkvæmdastjórninni.
12. Í leyfum, sem eru gefin út samkvæmt tilskipun 96/61/EB, skulu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum mæla fyrir um skilyrði, viðmiðunarmörk fyrir losun eða jafngildar færðbreytur eða tæknilegar ráðstafanir varðandi mónóklórediksýru til að hlutaðeigandi stöðvar starfi í samræmi við bestu fánlegu tækni, fyrir októberlok 2007, að teknu tilliti til tæknilegra eiginleika stöðvanna, landfræðilegrar legu þeirra og umhverfisskilyrða á staðnum.
13. Aðildarríkin skulu fylgjast vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni, varðandi mónóklórediksýru, og greina framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum á því sviði innan ramma upplýsingaskipta um bestu fánlegu tækni.
14. Staðbundin losun í umhverfið skal takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið eða að menn verði fyrir óbeinum váhrifum frá umhverfinu.

6. HLUTI

TETRANATRÍUMETÝLENDÍAMÍNTETRAASETAT

(CAS-nr. 64-02-8, EINECS-nr. 200-573-9)

Ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir umhverfið (15, 16, 17, 18)

15. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu setja umhverfisgæðakröfur (EQS) fyrir þau vatnasvið þar sem losun tetranatríumetýlendíamíntetraasetats (Na_4EDTA) getur skapað áhættu og skulu landsbundnar ráðstafanir til að draga úr mengun innanlands til að uppfylla umhverfisgæðakröfurnar árið 2015, koma fram í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðsáumdæmi í samræmi við ákvæði tilskipunar 2000/60/EB.
16. Í leyfum, sem eru gefin út samkvæmt tilskipun 96/61/EB, skulu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum mæla fyrir um skilyrði, viðmiðunarmörk fyrir losun eða jafngildar færðbreytur eða tæknilegar ráðstafanir varðandi tetranatríumetýlendíamíntetraasetat til að hlutaðeigandi stöðvar starfi í samræmi við bestu fánlegu tækni, fyrir októberlok 2007, að teknu tilliti til tæknilegra eiginleika stöðvanna, landfræðilegrar legu þeirra og umhverfisskilyrða á staðnum.
17. Aðildarríkin skulu fylgjast vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni, varðandi tetranatríumetýlendíamíntetraasetat, og greina framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum innan ramma upplýsingaskipta um bestu fánlegu tækni.
18. Staðbundin losun í umhverfið skal takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

7. HLUTI

VIÐTAKENDUR

19. Þessum tilmælum er beint til allra atvinnugreina, sem flytja inn, framleiða, flytja, geyma, setja í efnablöndur eða vinna á annan hátt, nota, farga eða endurheimta efnin, og til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. apríl 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**Stavros DIMAS**framkvæmdastjóri.*